

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Búðardal, 01. mars 2012
1202004 SP

Efni: Samgönguáætlun 2011-2022

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 21. febrúar sl. var fjallað um samgönguáætlun 2011-2022. Eftirfarandi var bókað:

Sveitarstjórn lýsir yfir óánægju með hve lítið fjármagn er til framkvæmda innan Dalabyggðar á tímabilinu. Hvatt er til þess að vegum um Skógarströnd, Laxárdalsheiði og um Klofningsveg verði bætt á áætlunina. Einnig verði gert átak í að breikka einbreiðar brýr á Vestfjarðavegi.

Nefndarmenn eru hvattir til að kynna sér grein er birt var í Læknablaðinu 2012/98 þar sem kynnt er rannsókn Þórodds Þjarnasonar félagsfræðings og Sveins Arnarsonar félagsfræðinema um slys á hættulegustu vegum landsins.

Í skýrslunni kemur m.a. fram að vegur milli Stykkishólms og Búðardals um Skógarströnd sé í 5. – 6. sæti yfir hættulegustu vegarkafli landsins og í 2. sæti þegar horft er til fjölda slysa á hverja milljón ekna kílómetra á tímabilinu 2007 – 2010.

Þetta ættu að vera næg rök til að samgöngunefnd færi þennan veg inn á áætlun en að auki má nefna að ríki og sveitarfélög hafa fjárfest í uppbyggingu þjóðgarðs á Snæfellsnesi en segja má að aðeins sé ein fær leið að þjóðgarðinum. Betri vegur um Skógarströnd og síðan Laxárdalsheiði gjörbreyta samgöngum milli landshluta og ætti að stuðla að betri nýtingu fjárfestinga í þjóðgarðinum.

Virðingarfyllst,

Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri